

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

10. tbl. 3. árg.

7. nóvember 2025



Myndin hér að ofan er tekin í fallegu veðri að morgni 6. nóvember. Fyrstu dagar mánaðarins hafa verið veðursælir en gera má ráð fyrir að kuldinn færist í aukanna á næstu dögum. Tíðafar í október var tvískipt en mánuðurinn bauð bæði hlýja og kalda daga. Mikið snjóaði fyrir sunnan í lok mánaðar en að morgni 28. október mældist jafnfallinn snjór í Reykjavík 27 cm og þann 29. mældist snjódýptin 40 cm. Er það langmesta snjódýpt sem mælt hefur í októbermánuði í Reykjavík. Þó snjórinn hafi ekki náð til okkar í Stykkishólmi fóru fréttir af honum og umræður ekki framhjá nokkru mannsbarni. Snjórinn olli miklum samgöngutruflunum og umferðaröngbveiti í borginni og minnti mörg okkar á landsbyggðinni óneitanlega á fjölmarga kosti þess að búa úti á landi, og hvað þá hér í Stykkishólmi, þar sem allt er til alls og auðvelt að komast leiða sinna þó hann snjó.

Aðventudagskrá í vinnslu

Aðventan er viðburðaríkur tími í Stykkishólmi og færist sífellt í aukanna að landsmenn sæki Hólminn heim til að upplifa töfrandi jólastemninguna með heimamönnun. Viða eru Hólmarar farnir að

hengja upp skreytingar fyrir jólatíðina og fyrirtæki byrjuð að auglýsa jólahlaðborð og fleira. Líkt og undanfarin ár er nú unnið að því að setja saman viðburðardagskrá fyrir aðventuna í Hólminum

sem gerð verður aðgengileg fyrir íbúa og gesti. Þeir sem vilja koma upplýsingum um opna viðburði á dagskrá eru beðnir um að senda póst á netfangið: jon-sindri@stykkisholmur.is, með þeim upplýsingum

um fyrir 20. nóvember næstkomandi. Þá er einnig vakin athygli á viðburðadagskrá í Stykkishólmi á vefsíðunni visitstykkisholmur.is en þar má jafnan finna upplýsingar um viðburði á döfinni.

Eyberg og Guðlaug heiðruð á opnunarhátíð Norðurljósa



Hjónin að Hraunhálsi, Guðlaug og Eyberg, með viðurkenningarskjalið og blómvönd.

Menningarhátíðin Norðurljósin var haldin í áttunda sinn í Stykkishólmi dagana 22.-26. október. Opnun hátíðarinnar fór fram í Stykkishólmskirkju og var vel sótt. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar setti hátíðina og flutti ávarp. Norðurljósa-hátíðin hefur ætíð miðað að því að heima-fólk skemmti sér og öðrum en þar komu fram Friðrik og Birta Sigþórsbörn, Jón Dagur Jónsson, Bence

Petö og László Petö, sem öll stóðu sig með miklu prýði. Þá kom einnig fram Sævar Helgi Bragason, sem gjarnan er kallaður Stjörnu Sævar, og fræddi viðstadda um almyrkann 2026. Líkt og á fyrri Norðurljósa-hátíðum veitti bæjarstjórn viðurkenningu fyrir framlag til lista-, menningar- og samfélagsmála í sveitarfélaginu. Það var Hrafnhildur Hallvarðsdóttir sem kom fram fyrir hönd bæjarstjórnar og ávarpaði salinn. En að þessu sinni voru það hjónin Jóhannes Eyberg Ragnarsson og Guðlaug Sigurðardóttir sem hlutu viðurkenningu fyrir sitt öfluga framlag til menningarmála og söguvarðveislu í sveitarfélaginu. Í ræðu sinni varpaði Hrafnhildur ljósi á þau góðu störf sem hjónin hafa unnið í gegnum tíðina og þær viðurkenningar sem þau hafa hlotið fyrir störf sín í búskap. Má þar meðal

annars nefna að bú þeirra var útnefnt fyrirmyndar-bú nautgripabænda BÍ. En samhliða búskap hafa þau hjón lagt mikla vinnu í að varðveita sögu Helgafellssveitar og nágrennis. Á Hraunhálsi vex nú og dafnar sögusafn þar sem búið er að innrétta vélaskemmu með bókasafni og aðstöðu til funda þar sem sögulegir munir, skjöl og fundargerðarbækur frá bæjum í sveitinni eru varðveitt. Þar má meðal annars finna fyrstu dráttarvélina sem kom á Snæfellsnes, árgerð 1929, auk annarra gripa. Þá eru þau hjón einnig virk í félagsmálum og eru í stjórn Eyrbyggjusögufélagsins, sem var stofnað árið 2021 með það að markmiði að auka áhuga á Eyrbyggjasögu. Að lokum kallaði Hrafnhildur hjónin upp og var þeim afhent viðurkenningarskjal og fallegur blómvöndur.



Systkinin Friðrik og Birta Sigþórs voru sér og öðrum til sóma á opnunarhátíð Norðurljósa.



Stjörnu Sævar hreif salinn með sér þegar hann talaði af ákafa um almyrkvan sem verður á næsta ári.

Lys op for stop



Hilmar Hallvarðsson, rafvirki, lýsir upp skammdegið fyrir bæjarbúa.

Nú þegar skammdegið færast yfir er gott að huga að sýnileika og draga fram endurskinsmerkin, jafnt börn sem fullorðnir. Með því að gera sig sýnilega með endurskinsmerkum auka gangandi og hjólandi vegfarendur eigið öryggi. Ökumenn sjá þá vegfarendur fyrir og eru því líklegri til að stoppa þegar þörf er á, eða eins

og daninn segir gjarnan Lys op for stop! Raunar var það strætisvagnafyrirtækið Sydtrafik sem kastaði þessum frasa fram til að hvetja viðskiptavinum sína til að láta meira á sér bera við stoppistöðvar. En dönsk skólabörn gripu frasan á lofti og nota óspart til að hvetja til notkunar endurskinsmerkja almennt. Þá vekur skam-

mdegið jafnan athygli á þeim ljósastaurum sem sinna ekki tilgangi sínum sem skildi en sveitarfélagið hefur fengið nokkrar ábendingar um ljóslausa staura hér og þar í bænum. Sveitarfélagið tók við umsjón ljósastaura af Rarik árið 2019 og var fljótlega byrjað að skipta út gömlum lömpum og LED lampar settir í staðinn.

Þetta bætir lýsingu og sparar rekstrarkostnað á götulýsingu í Stykkishólmi umtalsvert. Búið er að LED-væða víða í bænum en það verkefni er enn í gangi. Eins og sjá má á myndinni hér að ofan er nú unnið að því að lagfæra þá staura sem er ljóslausir og geta íbúar því átt von á bættri lýsingu á næstu dögum.

Framkvæmdir við Grunnskólann í Stykkishólmi



Dagur Emilsson, verkefnastjóri framkvæmda og eigna, brosti breitt þegar fréttaritara bar að garði.

Framkvæmdum í nýju húsnæði á lóð Grunnskólans í Stykkishólmi miðar vel áfram. Frágangi í kringum kennslustofu sem tengd hefur verið skólann er að mestu lokið, að því frátöldu að þar verður sáð í sár á lóð eða þökulagt í vor. Starfsmenn sveitarfélagsins vinna nú að því að klára innréttingar og frágang

innandyrna í húsnæði aftan við íþróttamiðstöðina, sem meðal annars verður nýtt í dagvistunarúrræði. Þá má gera ráð fyrir að vinna við uppsetningu á lyftu í grunnskólanum fari á fullt í nóvembermánuði og gerir verkefnastjóri framkvæmda og eigna ráð fyrir að lyftan verði tilbúin til notkunar fyrir árslok.

Hrekkjavaka í blíðskaparveðri í Hólminum



Víða voru börn á ferli í leit að sælgæti.

Eins og hefð hefur skapast fyrir stóð Foreldrafélag Grunnskólans í Stykkishólmi fyrir hrekkjavökugöngu í Stykkishólmi í lok október. Hrekkjavakan er haldin víða um heim þann 31. október á ári hverju. Í ljósi þess að veðurspáin

var afar slæm fyrir sjálfan hrekkjavökudaginn ákvað foreldrafélagið að flýta göngunni og halda hana daginn áður. Engin formleg ganga er á hrekkjavökunni eins og þekist frá öskudeginum, en þess í stað eru fjölskyldur og vinir hvat-

tir til að ganga í hús og safna sér sælgæti. Eins og áður var gengið út frá þeirri reglu að banka megi uppá þar sem hús hafa verið merkt eða skreytt við eða á hurðina með skýrum hætti í tilefni Hrekkjavökunnar. Hátíðin fer sífellt

vaxandi hér í bæ sem og annarsstaðar á landinu, og víðar um vestrænan heim. Þá telja margir einn helsta kost hátíðarinnar að allir geta tekið þátt. Tilvalið er fyrir ömmur og afa að skera út grasker með barnabörnum þegar líður að hrekkjavökunni og vera svo heima við, tilbúin með nammiskálina þegar börn og foreldrar ungra barna ganga saman um bæinn á banka uppá. Hrekkjavaka nefnist á enskri tungu Halloween sem er stytting á All Hallows' Evening sem er kvöldið 31. október, vakan fyrir Allraheilagramessu. Allraheilagramessa er tileinkuð píslarvottum kirkjunnar og er haldin 1. nóvember víðsvegar um heim.

Vel mætt á samstöðufund í kvennaverkfalli

Boðað var til kvennaverkfalls föstudaginn 24. október síðastliðinn. Sem fyrr tekur Sveitarfélagið Stykkishólmur undir þau meginmarkmið kvennaverkfalls að hefðbundin kvennas-törf, jafnt launuð sem ólaunuð, skuli meta að verðleikum. Það er jafnframt ekkert launungarmál að starfsemi

sveitarfélagsins skerðist verulega án vinnufram-lags kvenna. Bæjarráð lagði áherslu á að sveitarfélagið legði sitt af mörkum til að greiða götu kvenna og kvára úr hópi starfsfólks þennan dag. Sveitarfélagið dró ekki af launum starfsfólks sem tók þátt í kvennaverkfallinu í samráði við sinn stjórnanda.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Mikið um dýrðir á árshátíð

Árshátíð Sveitarfélagsins Stykkishólms fór fram laugardaginn 1. nóvember síðastliðinn. Sveitarfélagið heldur árshátíð annað hvert ár og skiptast stofnarnir á að annast skipulagið. Að þessu sinni voru það Leikskólinn í Stykkishólmi og slök-kviliðið sem sáu um undirbúning og skipulag sem var til fyrirmyndar. Rebekka Magnúsdóttir, aðkeyptur skemmtikraftur að sunnan, fór með veilsustjórn og tók svo

plötusnúður að nafni Styrmir við þegar veislustjóri hafði lokið sér af. Dunaði þá danstónlist á veilsugestum fram til miðnættis. Árshátíðin var vel sótt enda öllum starfsmönnum sveitarfélagsins boðið og gefin kostur á að taka maka með sér. Um 150 manns sóttu árshátíðina. Næsta árshátíð fer fram árið 2027 og sjá þá starfsmenn áhaldahúss, Höfðaborgar og tónlistarskóla um undirbúning og skipulag.